

Sylvía Karen Heimisdóttir

From: Ungmennafélag Skeiðamanna <umfskeid@gmail.com>
Sent: föstudagur, 26. júní 2026 11:45
To: Sylvía Karen Heimisdóttir
Subject: Ósk um styrk vegna leikjanámskeiðs
Attachments: Leikjanámskeið júní 2026.xlsx

Góðan daginn

Ungmennafélag Skeiðamanna heldur úti leikjanámskeiði fyrir börnin hér í sveitinni eftir að skóla lýkur í júní og aftur áður en að skólinn hefst í ágúst og þá einnig fyrir tilvonandi fyrstu bekkinga.

Við óskum eftir styrk frá ykkur í matar, húsa og launakostnaði til að halda uppi þessu námskeiði. Launakostnaðurinn er mikill og innkoma námskeiðsins nær ekki að dekkja það því við viljum ekki að foreldrar þurfi að borga háar upphæðir til að nýta þessa þjónustu og svo að sem flestir geti leyft börnunum sínum að taka þátt.

Hádegismaturinn er gríðarlega mikilvægur til að létta undir bæði meting á milli barna hvernig nesti þau eru með og vinnu fyrir foreldra að þurfa að versla það aukalega. Frábært fyrir börnin að halda sinni rútínu eins og í skólanum að borða sameiginlegan mat og fyrir börnin í fyrsta bekk að undirbúa sig fyrir skólann.

Við óskum eftir **600.000 p.kr** peningastyrk, **kostnaði við hádegismat og hýsingu í bókasafninu í Brautarholti**. Við hjá Ungmennafélaginu myndum greiða restina sem vantar upp á.

Í fyrra heppnaðist þetta gríðarlega vel og foreldrar ánægðir. Núna í ár erum við að bjóða upp á lengra námskeið, bæði í júní og ágúst.

Meðfylgjandi er excel skjal með útreikningum á launakostnaði og innkomu. Allur annar kostnaður eins og kaup á búnaði, leikföngum, skipulagi og undirbúningi vegna námskeiðsins leggst á félagið.

Kær kveðja

Formaður Ungmennafélags Skeiðamanna

Viktoría Rós